Meta má rýni við þessar aðstæður með því að reikna svokallað Secchi dýpi sem tilgreinir það dýpi sem stöðluð rýnisskífa (Secchi diskur) hverfur sjónum manns þegar rýnt er ofan í vatnið frá yfirborði (mynd 4). Hér er ekki tekið tillit til mögulegra þátta sem fyrir eru og gætu haft áhrif á rýni í Straumsvík og er því gert ráð fyrir að grunnástand áður en að framkvæmd kemur svarar til þess að sjórinn sé fulltær.


Birtuskilyrði skerðast nokkuð alls staðar í víkinni þegar styrkur nær 3-5 g/m³, þ.e. þegar gert er ráð fyrir lágri öldu (innan 25% tímans) og lækkar rýni um 5-9 m. Eftir því sem innar dregur í víkinni hjálpar innrennsli grunnvatns við að halda gruggi frá og lækkar rýnið einungis um 2-3 m þar við sömu aðstæður og að teknu tilliti til enn hærri öldu (50% tímans) verður breyting í rýni óveruleg innst í víkinni (mynd 4).

Með einföldum hætti má draga saman fræðilegt samband Secchi dýpis og hlutfalls ljósstyrks við botn af ljósstyrk við yfirborð, með því að beita Lambert-Beer lögmáli og einföldu sambandi Secchi dýpis og ljósdeyfistuðuls. Mynd 5 greinir frá þessu sambandi innan þess bils á Secchi dýpi sem reikningar gefa til kynna og yfir áætlað dýpi innan Straumsvíkur.


Nýta má þetta samband til að meta hlutfallslega breytingu á ljósstyrk sem nær til botns við það að vatnið mengist af efni í sviflausn. Niðurstaðan verður samspil af styrk efnis og dýpis, þannig að áhrif verða hlutfallslega minni efir því sem dýpi er minna. Við óhagstæðustu aðstæður reiknast fall í Secchi dýpi úr 21 m í 13 m. Við mynni Straumsvíkur er dýpið nálægt 14-15 m, sem svarar þá til þess að hlutfall ljósstyrks á botni fellur úr 0,3 í 0,15 með tilkomu gruggsins. Þetta svarar til þess að birtuskilyrði við botn skerðast um 50%. Að sama skapi innst í Straumsvík þar sem dýpið er um og undir 5 m, svarar það til þess að hlutfallið fellur úr u.þ.b. 0,7 í 0,55 með tilkomu gruggsins. Birtuskilyrði við botn innst í Straumsvík skerðast því hlutfallslega minna en yst í víkinni eða nálægt 20%. Þótt einungis sé um fræðilegt viðmið að ræða má styðjast við það til að fá fram einfalda túlkun á breytingu ljósstyrks við botn út frá viðmiði á Secchi dýpi.

Ef litið er til Straumsvíkur og næsta nágrennis losunarstaðarins má greina nokkurn breytileika í hlutfallslegri skerðingu birtuskilyrða eftir staðsetningu við upphaf framkvæmdar (mynd 6). Þegar engin alda er, verður nokkur skerðing á birtu við botn þegar styrkur með minnstu kornum hefur náð jafnvægi yst í víkinni eða 40-50%, aðallega á hafnarsvæðinu þar sem dýpi er mest (Mynd 6 a). Þegar öldu fer að gæta verða áhrifin mun minni eða um og innan við 20%. Þá verða áhrif hverfandi til vesturs en heldur meiri til austurs.


Veruleg áhrif á birtuskilyrði verða fyrst og fremst í nágrenni losunarstaðar. Í tilvikum með grófar efnum í sviflausn þar sem styrkur er minni verða áhrifin sömuleiðis minni en myndir hér sýna.



Mynd 4. Secchi dýpi í botni Straumsvíkur (a) og mynni vökurinnar (b). Fínasta kornastærð ($1,5 \mu\text{m}$, $0,1\text{m/s}$). Þrenns konar ölduskilyrði, 0, 25 og 50% hlutfallsmörk ölduhæðar.



Mynd 5. Hlutfall ljósstyrks á yfirborði með dýpi fyrir mismundi Secchi dýpi. Dýptarbil svarar til dýpis innan Straumsvíkur og bil Secchi dýpis rammar inn reiknuð gildi í greiningunni.




Mynd 6. Hlutfallsleg skerðing á birtuskilyrðum við botn eftir 10 daga uppsöfnun þegar styrkur hefur náð jafnvægi. Engin alda a) og 50% hlutfallsmörk öldu b). Fínasta kornastærð.


3.1.3. Styrkur efnis í sviflausn, áhrif kornastærðar

Eftir því sem kornastærð er meiri falla korn hraðar úr sviflausn til botns. Í kaflanum á undan voru allar niðurstöður með minnstu viðmiðunarkornastærðinni, þeirri sem leiðir af sér mestan styrk og mesta skerðingu á birtuskilyrðum við botn. Hér birtast að auki niðurstöður með meiri sethraða korna sem svarar til rófsins frá fínasta silti til hins grófasta.

Aukinn sethraði leiðir til minni styrks setefna í Straumsvík eins og við var að búast. Sömuleiðis skila grófari korn sér takmarkað inn eftir vikinni (Mynd 7 a og b, Mynd 8 a og b). Með aukinni ölduhæð minnkar styrkur í öllum stærðarflokkum (Mynd 7 a og Mynd 8 a, Mynd 7 b og Mynd 8 b). Með grófasta kornastærðarflokki lækkar styrkur um 80-90% í mynni Straumsvíkur miðað við fínasta efnið. Innar í vikinni munar enn meira og efnið fellur að megninu til út áður en það kemst inn í botn vikurinnar.



Mynd 7. Styrkur með mismunandi sethraða korna, engin alda.



Mynd 8. Styrkur með mismunandi sethraða korna, 50% hlutfallsmörk öldu.

3.1.4. Setmyndun


Myndir 9 og 10 sýna setmyndun sem uppsöfnunarhraða í plani fyrir korn með mismunandi sethraða. Eftir því sem sethraði korna er meiri fellur stærri hluti efnis út nær upptökum. Sé tíminn sem það tekur korn að setjast til botns langur miðað við endurnýjunartíma vatns verður setmyndun óveruleg.

Þetta á við minnsta og jafnvel næstminnsta kornastærðarflokk hér, en í reikningum án öldu fellur innan við 3% til botns af fínasta efninu og innan við 25% af því næstfínasta. Það sem eftir er berst með straumum út fyrir líkansvæðið. Með öldu minnka þessar tölur (Tafla 3).


Inni í Straumsvík verður setmyndun almennt mjög lítil en mest í mynninu næst losunarpunkti og setmyndunin verður minni með öldu en án (Mynd 9, Mynd 10). Söfnunarhraðinn inni í víkinni miðað við óbreyttar aðstæður svarar fáum millimetrum á ári og er um þrefalt meiri í reikningum án öldu en að teknu tilliti til hennar (Tafla 3).

Tafla 3. Uppsöfnunarhraði setefna í Straumsvík.

	Engin alda			50% hlutfallsmörk Ölduhæðar		
Sethraði korna [m/dag]	Hlutfall af heild sem sest innan 1 km fjarlægðar frá Straumsvík	Hlutfall af heild sem sest innan Straumsvíkur	Uppsöfnunar hraði í Straumsvík [mm/ár]	Hlutfall af heild sem sest innan 1 km fjarlægðar frá Straumsvík	Hlutfall af heild sem sest innan Straumsvíkur	Uppsöfnunar hraði í Straumsvík [mm/ár]
0.1	2,9%	0,5%	0,34	1,5%	0,15%	0,1
1	24,0%	4,2%	2,83	13,6%	1,2%	0,9
10	82,5%	13,5%	9,02	70,6%	5,7%	3,8
100	99,5%	9,1%	6,05	99,4%	5,5%	3,7



Mynd 9. Setmyndun sem uppsöfnunarhraði fyrir mismunandi sethraða korna, engin alda. Upphaf framkvæmdar.




Mynd 10. Setmyndun sem uppsöfnunarhraði fyrir mismunandi sethraða korna, ölduhæð við 50% hlutfallsmörk. Upphaf framkvæmdar.


3.2. Áhrif í lok framkvæmdar

Þegar dregur að lokum framkvæmdar hefur losunarpunktur setefna færst 800 m til norðausturs auk þess sem varnargarðurinn hefur áhrif á straumsviðið. Meginniðurstaða reikninga er að styrkur setefna í sviflausn í Straumsvík minnkar eftir því sem verkinu vindur fram og verður ekki farið í smáatriðum yfir allar niðurstöður en dregin fram þau atriði sem máli skipta og til einföldunar aðeins litið á dreifingu fínasta efnisins.

Reikningar ná eins og fyrir stöðu í upphafi framkvæmdar yfir 10 daga tímabil frá stórstreymi til smástreymis. Reiknað er fyrir losun í lok framkvæmdar, með losunarpunktinn nærri enda varnargarðs (Mynd 2). Styrkur nær á reiknitímabilinu ekki tíunda hluta þess styrks sem varð í hinu tilvikinu og áhrif á birtuskilyrði eru óveruleg. Styrkur hefur raunar ekki náð jafnvægi en svo löng tímabil án öldu gerast varla (Mynd 11, Mynd 12).




Mynd 11. Styrkur efnis í botni Straumsvíkur (a) og mynni víkunnar (b). Fínasta kornastærð (1,5 µm, 0,1m/s). Lok framkvæmdar.



Mynd 12. Secchi dýpi í botni Straumsvíkur (a) og mynni víkunnar (b). Fínasta kornastærð (1,5 µm, 0,1m/s). Lok framkvæmdar.

Athugun á straumsviði kringum varnargarðinn og inn að víkinni ásamt dreifingu fínefna frá upptakastað skýrir þetta vel (Mynd 13). Hvorki á aðfalli né útfalli beina straumar menguðum sjó frá upptakapunkti afgerandi inn að víkinni.




Mynd 13. Styrkur og straumsvið á útfalli a) og aðfalli b). Engin alda. Fínasta kornastærð (1,5 μm , 0,1m/s). Lok framkvæmdar.

3.3. Samanburður straumsviðs fyrir og eftir framkvæmd


Með byggingu varnargarðsins til norðurs og vesturs út frá núverandi hafnargarði breytist straumsvið á svæðinu á þann veg að á aðfalli beinast austlægir straumar til norðurs og vesturs meðfram garðinum í stað þess að fara óhindrað til austurs (Mynd 14 a og b). Einnig myndast svæði sunnarlega við garðinn þar sem straumur nær stöðvast, þar sem streymið greinist annars vegar til norðurs með garðinum og hins vegar til suðurs inn í víkina. Lítil breyting verður á straumum inni í Straumsvík sjálfri enda ræðst straumsviðið að mestu af hæð sjávarfalla og þeim skorðum sem mynni víkurinnar setur á straumstefnu þegar flæðir að og frá (Mynd 14 b). Hins vegar getur efni sem kynni að berast í sjó við syðri hluta nýs varnargarðs flust inn til Straumsvíkur í stað þess að flytjast greiðlega í austur átt eins og gerist fyrir framkvæmd.

Á útfalli snýst dæmið við og ekki að sjá að breytingin geti skapað afgerandi skilyrði til þess að auka mengun við víkina (Mynd 14 c og d).

Í tilviki með öldu sjást svipuð mynstur (Mynd 15) en hraðar eru meiri einkum á aðfalli (Mynd 14, Mynd 15). Minni áhrif hraða á útfalli orsakast líklega af víxlverkun milli öldu og straumsviðs (Mynd 15 c,d), en öldustefnan er þá mikið til gagnstæð straumstefnu.



Mynd 14. Straumsvið án öldu fyrir og eftir framkvæmd, við meðalsjó á aðfalli og útfalli.



Mynd 15. Straumsvið með öldu við 50% hlutfallsmörk fyrir og eftir framkvæmd, á aðfalli og útfalli.

4. Samantekt

Reiknuð hefur verið dreifing setefna sem komast í sviflausn við gerð nýs varnargarðs við Straumsvíkurhöfn.

Óhagstæðustu skilyrði fyrir styrk efnis í sviflausn valda um 2-5 g/m³ styrk í Straumsvík og lækkun Secchi dýptar um 3-9 m. Það tekur meira en viku fyrir slíkan styrk að safnast upp. Með óhagstæðustu skilyrðum er átt við

- Allt fínefni fer í sviflausn, ekkert grefst með grófari efnum í varnargarðinum.
- Upphaf framkvæmda, losunarpunktur efnanna er rétt við mynni Straumsvíkur.
- Fíngerðasta efnið (1,5 µm í þvermál, sethraði 0,1 m/dag) sem þýðir að efni fellur mjög hægt út úr vatninu.
- Engin alda sem leiðir til þess að straumar eru hægari en þegar alda er meiri, auk þess sem straumar verða austlægari með aukinni öldu.

Við þessi óhagstæðustu skilyrði má ætla að rýni falli úr um 21 m í 13 m vegna gruggs frá framkvæmdinni sem svarar til að hlutfall ljósstyrks við botn samanborið við á yfirborði lækki frá um 0,8 í 0,65 innst í vikinni en frá um 0,3 í 0,15 yst í henni.

Alda minnkar styrk því meira sem hún er hærri. Við ölduhæð sem nemur 50% hlutfallsmörkum (ölduhæð er meiri 50% tímans) lækkar styrkur um 70-80% miðað við óhagstæðustu skilyrði og Secchi dýpi minnkar um 1-2 metra miðað við hreinan sjó (um 21 m).

Aukin kornastærð leiðir til þess að korn falla hraðar út, styrkur lækkar og áhrif á birtuskilyrði verða minni. Með grófasta kornastærðarflokknum verður styrkur a.m.k. stærðargráðu minni en með þeim fínasta.

Setmyndun innan Straumsvíkur verður mest með sethraðanum 10 m/dag (15 µm þvermáli korna) og engri öldu. Sethraðinn verður allt að 4 mm/ár við ölduhæð sem svarar 50% tímans. Hins vegar vara aðstæður aldrei svo lengi, þótt ekki væri nema vegna þess að losunarpunkturinn færir út eftir því sem verkinu vindur fram. Með því lengist fjarlægðin til mynnis Straumsvíkur og efni í sviflausn þynnist meira áður en það kemst inn í víkina. Við lok framkvæmdar verður styrkur a.m.k. stærðargráðu minni en við upphaf verksins.

Á fyrri stigum framkvæmdar, þegar unnið er út frá núverandi hafnargarði í norðurátt, getur því við langvarandi stillur orðið vart við grugg inni í Straumsvík vegna framkvæmdanna sem gæti haft áhrif á rýni og þ.a.l. það hlutfall ljósstyrks sem nær botni. Á þetta sérstaklega við eftir því sem stærri hluti siltsins (fínefnanna) sem í sviflausn berst er af fínustu gerð. Að jafnaði hins vegar, þegar alda ræður töluverðu um straumaðstæður, berst siltið tiltölulega greiðlega frá framkvæmdasvæðinu til austurs þar sem unnið er út að opnu hafi. Má þá búast við að styrkur fínefna í sviflausn inni í Straumsvík verði langtum minni og áhrif á rýni einungis lítilleg.

MB-24.09
Reykjavík, 19.04.2024

Til: Lúðvíks Geirssonar, Hafnarfjarðarhöfn og Helgu Frímenn Kristjánisdóttur, VSÓ ráðgjöf

Frá: Hjálta Sigurjónssyni og Sveini Óla Pálmarssyni

Efni: Landfylling í Straumsvík. Mat á dreifingu setefna, breytt útfærsla á framkvæmd

Í skýrslu Vatnaskila um mat á dreifingu setefna við uppbygginu nýrrar hafnar við Straumsvík (Vatnaskil 2024) var áætluð dreifing setefna sem kæmst í sjóinn við efnislosun fyrir kjarna varnargarðsins sem tilheyrir nýrri höfn. Reikningarnir gengu út frá ákveðum framgangi verksins, þ.e. að varnargarðurinn yrði byggður upp frá enda núverandi kants við mynni Straumsvíkur og út til norðurs og austurs. Niðurstaðan var að styrkur sets yrði aldrei verulega hár þar sem setmengað vatn skolaðist greiðlega burtu með straumum meðfram ströndu.


Nú er ráðgert að vinna verkið á annan hátt:

- Vegur byggður upp út frá landi austar (Aðkomuvegur, mynd 1).
- Uppbygging varnargarðs hefjist við vesturenda aðkomuvegar til norðausturs.
- Þegar því er lokið byggt upp frá vesturenda aðkomuvegarins til suðurs að staðnum við hafnarmynni þar sem áður var áætlað að byggingin myndi hefjast.

Samkvæmt áætluninni nú verður því endað þar sem áður átti að byrja. Þetta leiðir til þess að straumsvíð verður annað þegar efni er losað nærri víkurmynninu og straumaðstæðurnar gætu virst óhagstæðari fyrir dreifingu efnis inn í víkina.

Vegna þessa hefur verið ákveðið að reikna að nýju dreifingu við þessar aðstæður til þess að leggja mat á styrk setefna sem berast inn í víkina og birtuskilyrði til botns þegar verkið er unnið með framan- greindum hætti. Miðað er við að uppfyllingin sé komin langleiðina inn að mynni Straumsvíkur, merkt „Losun“ á mynd 1.

Reiknað er fyrir tvenns konar aðstæður hvað varðar ferskvatnsrennsli inn í Straumsvík, annars vegar með engu rennsli og hins vegar 5 m³/s rennsli sem kemur inn innst í vikinni. Þá er reiknað fyrir tvenns konar ölduaðstæður, annars vegar án öldu og hins vegar með ölduhæð sem nemur 50% hlutfalls- mörkum. Sams konar tilvik voru reiknuð áður og vísast til hinnar upprunalegu skýrslu um aðrar forsendur líkanreikninganna (Vatnaskil 2024).




Mynd 1. Straumsvík. Fyrirhugaður varnargarður, efnislosunarpunktur líkanreikninga og athugunarpunktur.

Styrkur og birtuskilyrði


Tímaraðir styrks eru sem fyrr sýndar í tveimur punktum í Straumsvík, í botni vikurinnar og í mynni hennar (punktar a og c, mynd 1).

Styrkur reiknast um það bil 20% hærrí en í tilsvarendi tilvikum áður án öldu, nær jafnvægi í mesta lagi milli 6 og 7 g/m³. Þetta er svipað inni í vík og í mynni í tilviki án grunnvatnsrennslis. Í tilviki með ölduhæð við 50% hlutfallsmörk er hlutfallslegur munur öllu meiri en styrkur er hins vegar enn tiltölulega lágur, nær jafnvægi á bilinu 1-2 g/m³.



Mynd 2. Styrkur efnis í botni Straumsvíkur (a) og mynni vikurinnar (b). Fínasta kornastærð (1,5 µm, 0,1m/s). Tvenns konar ölduskilyrði, 0 og 50% hlutfallsmörk ölduhæðar.

Secchi dýpi minnkar í samræmi við aukinn styrk, verður minnst ríflega 11 metrar (mynd 3).



Mynd 3. Secchi dýpi í botni Straumsvíkur (a) og mynni víkunnar (b). Fínasta kornastærð (1,5 µm, 0,1m/s). Tvenns konar ölduskilyrði, 0 og 50% hlutfallsmörk ölduhæðar.

Dæmi um styrk og straumsvið í tilvikum án öldu og ölduhæð við 50% hlutfallsmörk má sjá á mynd 4. Styrkur verður hærri en áður nærri losunarstaðnum því straumar eru þar nú minni en áður. Þrátt fyrir það er tiltölulega lítil tilhneiging fyrir efnið að berast inn í Straumsvík. Eftir sem áður eru áhrif öldu nú sem áður mikil til lækkunar styrks samanborið við lygnar aðstæður.


Talsvert hár styrkur verður hins vegar að jafnaði í lóninu milli garðsins og aðkomuvegar en þangað leita straumar frá losunarstað meðan fellur að. Lónið virðist þannig hjálpa til við að halda efninu nær losunarstaðnum í stað þess að berast inn til Straumsvíkur.

Niðurstaða

Með breyttu fyrirkomulagi á uppbyggingu varnargarðsins við nýja Straumsvíkurhöfn hækka hæsti mögulegi styrkur í Straumsvík nokkuð, eða úr 5-6 g/m³ í 6-7 g/m³, það er í tilviki án öldu og með fínustu kornastærð. Í tilvikum með öldu verður nokkru meiri hlutfallsleg hækking styrks með hinu breytta fyrirkomulagi, en styrkur er eftir sem áður margfalt lægri en án öldu. Birta við botn verður að sama skapi lengstum ekki skert að ráði frá því sem áður var. Einnig virðist sem að lón milli garðs og aðkomuvegar hjálpi til við að halda efninu nær losunarstaðnum í stað þess að berast inn til Straumsvíkur.

Tilvísanir

Vatnaskil 2024. Landfylling í Straumsvík. Mat á dreifingu setefna á framkvæmdatíma. Skýrsla nr. 24.02. Mars 2024.



Mynd 4. Dæmi um straumsvið og styrk setefna ($1,5 \mu\text{m}$, $0,1\text{m/s}$) án öldu (a,c,e,g) og með öldu við 50% hlutfallsmörk (b,d,f,h) meðan losun fer fram nærri lokum framkvæmdar. Innrennsli grunnvatns er $5 \text{ m}^3/\text{s}$ í Straumsvík.



VSÓ RÁÐGJÖF

Áhrif stækkunar hafnarinnar í Straumsvík á lífríki botns og fjöru

Þorleifur Eiríksson

Unnið fyrir VSÓ
ISSN 2547-6696
RORUM 2024 005

Lykilsíða

Skýrsla: RORUM 2024 001	Dags.: 19.1.2024	Dreifing: Lokuð tímabundið	Fjöldi síðna: 19
ISSN 2547-6696			
Heiti skýrslu: Áhrif stækkunar hafnarinnar í Straumsvík á lífríki botns og fjöru			
Höfundur: Þorleifur Eiríksson			
Framkvæmd: RORUM			
Unnið fyrir: VSÓ			
Útdráttur: Óskað var eftir því af VSÓ að RORUM legði mat á áhrif stækkunar hafnarinnar í Straumsvík í Hafnarfirði á lífríki botns umhverfis höfnina og lífríki fjöru í Straumsvík. Vatnaskil geri líkan af dreifingu sets út frá framkvæmdasvæði meðan á framkvæmdum stendur. Áhrif framkvæmdarinnar voru metin út frá fyrirbyggjandi heimildum. Stækkun hafnarinnar við Straumsvík mun skerða lífríki á hörðum botni norður og austur af Straumsvík, en einungis veldur minkun á algengri vistgerð. Grugg frá framkvæmdum mun valda truflun í Straumsvík á framkvæmdatíma en varanleg áhrif eru ekki líkleg. Ekki er talið að lífríki tjarna við Straumsvík verði fyrir áhrifum. Fyrirliggjandi upplýsingar voru notaðar til að skilgreinda vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) sem nota má til að vakta svæðið á meðan og eftir framkvæmdir.			

Efnisyfirlit

Lykilsíða	2
Efnisyfirlit.....	3
Myndir	4
Töflur	4
Inngangur	5
Aðferðir	10
Greinargerð	10
Botn.....	10
Fjara	12
Tjarnir.....	15
Gæðapættir og viðmiðunaraðstæður	15
Svifpörungar (blaðgræna a)	15
Viðmiðunaraðstæður fyrir fjörur	16
Umræður	17
Heimildir:	18

Myndir

Mynd 1. Fyrirhuguð landfylling í Straumsvík	5
Mynd 2. Vatnshlot við framkvæmdasvæðið í Straumsvík.	6
Mynd 3. Mynd þessi sýnir dreifingu styrks á gruggi í kringum framkvæmdasvæðið (Hjalti Sigurjónsson og Sveinn Óli Pálmarsson 2024).	7
Mynd 4. Setmyndun innan Straumsvíkur. Engin alda.	9
Mynd 5. Setmyndun inna Straumsvíkur. Ölduhæð 50%hlutfallsmörk.	9
Mynd 6. Hlutfall ljósstyrks á yfirborði með fyrir mismunandi Secchi dýpi.	10
Mynd 7. Sýnatökustöðvar á botni	11
Mynd 8. Sýnatökustöðvar á botni í Straumsvík.	12
Mynd 9. Fjörusnið í Straumsvík (svæði I) og austan við Straumsvík (svæði II).	12
Mynd 10. Formúla fyrir útreikning á vistfræðilegu gæðahlutfalli (EQR).	15
Mynd 11. Sýnatökur á blaðgrænu við útrásir við Ánanaust (A) og Klettagörðum (K).	15

Töflur

Tafla 1. Uppsöfnunarhraði setefna í Straumsvík.	8
Tafla 2. Listi yfir þörungategundir sem fundust í Hraunavík og Straumsvík.	13
Tafla 3. Niðurstöður blaðgrænumælinga við Ánanaust og Klettagarða í vatnshloti nr. 104-1391-C.	16
Tafla 4. Ástandsflokkar fyrir strandsjó CS2152.	16
Tafla 5. Vistfræðilegt gæðahlutfall fyrir Hraunavík og Straumsvík.	17

Inngangur

VSÓ óskaði eftir að RORUM legði mat á möguleg áhrif stækkunar hafnarinnar í Straumsvík í Hafnarfirði á lífríki botns umhverfis höfnina og lífríki fjöru í Straumsvík. Framkvæmdin felst í byggingu garðs norður og austur af núverandi höfn með fyllingu innan garðsins (Mynd 1).




Mynd 1. Fyrirhuguð landfylling í Straumsvík .

Fyrirliggjandi rannsóknir á svæðinu voru skoðaðar með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda og komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á að gera meiri rannsóknir á lífríki á botni við Straumsvík, fjörolífi eða lífríki tjarna svo stöddu, þar sem nægilegar heimildir væru til (Þorleifur Eiríksson 2024) og því þyrfti að vinna matið út frá fyrirliggjandi gögnum um lífríkið.

Framkvæmdasvæðið er í standsjavarhloti nr. 104-1391-C (Mynd 2) (Stjórn vatnamála, 2022). Í greiningu á vatnshloti hefur Umhverfisstofnun metið sem svo að strandsjavarhlotið við álverið sé ekki í hættu og því gert ráð fyrir að umhverfismarkmiði þess verði náð (Umhverfisstofnun, 2013).


Gerðir strandsjó eru flokkaðar á grundvelli öldugangs og hitastigs voru skilgreindar 4 gerðir vatnshlota í strandsjó við Ísland. Ströndin við Straumsvík er í CS-2152, Strandsjór sunnanlands og vestan þar sem strönd er opin fyrir öldu (Sólveig R. Ólafsdóttir 2019).



Mynd 2. Vatnshlot við framkvæmdasvæðið í Straumsvík.

Ekki var ljóst hvernig grugg frá framkvæmdinni mundi dreifast, svo gerðir voru líkanareikningar á dreifingu gruggs, uppsöfnunar sets og minkun á ljósmagni (Hjalti Sigurjónsson og Sveinn Óli Pálmarsson 2024).

Reiknað var út dreifing lausefnis út frá framkvæmdasvæðinu á meðan á framkvæmdum stendur. Það eru litlar áhyggjur af uppsöfnun efnis utan norðan og austan framkvæmdasvæðis en gruggið minkar ljósmagn og hefur áhrif á frumframleiðslu þörunga en áhrif gætu orðið meiri inn í Straumsvík (Mynd 3).




Mynd 3. Mynd þessi sýnir dreifingu styrks á gruggi í kringum framkvæmdasvæðið (Hjalte Sigurjónsson og Sveinn Óli Pálmarsson 2024).

Áhrif frá setmyndun og gruggi gæti verið meiri innan Straumsvíkur. Við útreikninga á því þarf að taka tillit til grunnvatnsrennslis. Heildarrennslí grunnvatns til Straumsvíkur og strandar í nágrenni við hana er talið vera um 10 m³/s. Ljóst er að ekki fer allt rennslíð í víkina. Í líkanareikningum er miðað við 5 m³/s (Tafla 1Mynd 5. Setmyndun inna Straumsvíkur. Ölduhæð 50%hlutfallsmörk.) (Hjalti Sigurjónsson og Sveinn Óli Pálmarsson 2024).


Þegar alda er engin eru hreinir sjávarfallastraumar sem næst ströndu leggjast samsíða ströndu, til austurs á aðfalli og til vesturs á útfalli. Eftir því sem alda verður meiri verður straumur eindregnari til austurs öllum stundum. Það leiðir til þess að minna set berst inn í Straumsvík eftir því sem aldan er meiri (Tafla 1, Mynd 4) (Hjalti Sigurjónsson og Sveinn Óli Pálmarsson 2024).

Tafla 1. Uppsöfnunarhraði setefna í Straumsvík.

	Engin alda			50% hlutfallsmörk Ölduhæðar		
Sethraði korna [m/dag]	Hlutfall af heild sem sest innan 1 km fjarlægðar frá Straumsvík	Hlutfall af heild sem sest innan Straumsvíkur	Uppsöfnunar hraði í Straumsvík [mm/ár]	Hlutfall af heild sem sest innan 1 km fjarlægðar frá Straumsvík	Hlutfall af heild sem sest innan Straumsvíkur	Uppsöfnunar hraði í Straumsvík [mm/ár]
0.1	2,9%	0,5%	0,34	1,5%	0,15%	0,1
1	24,0%	4,2%	2,83	13,6%	1,2%	0,9
10	82,5%	13,5%	9,02	70,6%	5,7%	3,8
100	99,5%	9,1%	6,05	99,4%	5,5%	3,7




Mynd 4. Setmyndun innan Straumsvíkur. Engin alda.



Mynd 5. Setmyndun inna Straumsvíkur. Ölduhæð 50%hlutfallsmörk.

Í framhaldi af spurningu Rorum um áhrif á ljósstyrk við botn, má með einföldum hætti draga saman fræðilegt samband Secchi dýpis og hlutfalls ljósstyrks við botn af ljósstyrk við yfirborð. Er þetta gert með því að beita Lambert-Beer lögmáli og einföldu sambandi Secchi dýpis og ljósdeyfistuðuls. Fyrir Secchi dýpið sem verið er að vinna með (tekur ekki tillit til neins annars en setefnanna frá framkvæmdinni) má draga sambandi saman á eftirfarandi grafi (Mynd 6).



Mynd 6. Hlutfall ljósstyrks á yfirborði með fyrir mismunandi Secchi dýpi.

Aðferðir

Fyrirliggjandi heimildir voru skoðaðar og metið hvernig áhrif framkvæmdirnar gætu haft á lífríkið eins og því er lýst í þessum heimildum (Þorleifur Eiríksson 2024) og út frá líkani Vatnaskila sem lýst er hér að framan (Hjalti Sigurjónsson og Sveinn Óli Pálmarsson 2024).

Greinargerð


Við framkvæmdina fer botn norður og austur af Straumsvík undir garð og fyllingu.

Straumsvíkin er vestan og sunnan við væntanlegan hafnargarð og grugg mun berast frá framkvæmdinni inn í víkina.

Botn

Botninn út frá Straumsvík er klettbotn með þaraskógi. Rannsóknir voru framkvæmdar með tvenns konar aðferðum: Annar vegar var safnað þöngulhausum og dýrasamfélög í þeim greind


til tegunda og hins vegar var beitt nýrri tækni þar sem teknar voru myndir af botninum og tegundir greindar á myndunum (Jörundur Svavarsson 1991). Sýnatökustöðvar voru sömu og höfðu verið 1990 en 1 var bætt við 2002 (Mynd 7) (Jörundur Svavarsson o.fl. 1991; Jörundur Svavarsson 2002).



Mynd 7. Sýnatökustöðvar á botni

Út frá ljósmyndum af sýnatökustöðvum var safnhópurinn sniglar (Gastropoda) algengastur á öllum stöðvum. Stórkrossi (*Asterias rubend*) var algengur á tveimur stöðvum og skollakoppur (*Strongylocentrotus drobaciensis*) á einni stöð. Meyjarhetta og/eða olnbogaskel (*Acmea* spp.) voru algengar á tveimur stöðvum.


Skyldleiki var kannaður með Bray-Curtis skyldleikastuðli og reyndust allar stöðvarnar einsleitar. Alls var safnað 30 þöngulhausum á sýnatökustöðvunum. Á hverjum þöngulhaus voru á milli 27-77 tegundir. Alls fundust 155 tegundir eða hópar á þöngulhausunum: Flestar tegundir eða alls 66 voru burstaormar, 41 tegund lindýra og 18 tegundir krabbadýra. Algengasta tegundin á þöngulhausum var rataskel (*Hiatella arctica*), en síðan marflóin (*Crassocorophium bonelli*), kræklingur (*Mytilus edulis*), og burstaormurinn *Syllis armarillis*. Þegar samfélög á þöngulhausum voru greind með Bray-Curtis skyldleikastuðli og reyndust flestar stöðvarnar einsleitar. Flestar sömu tegundir fundust 2001 og höfðu fundist við rannsóknirnar 1990 (Jörundur Svavarsson 1998; Jörundur Svavarsson 2002). Einnig var safnað þöngulhausum á sýnatökustöðvum á botni í Straumsvík (Mynd 8) (Jörundur Svavarsson 1990) og var dýralíf í þeim mjög svipað og fyrir utan höfnina (Agnar Ingólfsson og Jörundur Svavarsson 1995).



Mynd 8. Sýnatökustöðvar á botni í Straumsvík.

Fjara

Gerðar voru rannsóknir á fjörunni með því að taka sýni á sýnatökustöðvum staðsettum á sniðum þvert á fjöruna. Tekin voru snið í Straumsvík og austan við Straumsvík (Mynd 9) (Agnar Ingólfsson 1990).



Mynd 9. Fjörusnið í Straumsvík (svæði I) og austan við Straumsvík (svæði II).

Fjaran í Straumsvík er klóþangsfjara (Agnar Ingólfsson 1977) á meðan meiri hreyfing sjávar er í fjörunni austan við Straumsvík (Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir 2002) og er fjaran þar skilgreind sem skúfabangsfjara (Agnar Ingólfsson 1990; Agnar Ingólfsson 1998a; Agnar Ingólfsson og Jörundur Svavarsson 1995).

Á svæði 1, Straumsvík, voru sett niður 6 snið með 100 m millibili og á svæði 2, Hraunavík, voru sett niður 5 snið (Mynd 9). Undirlag á sniðum var hraunklappir með lausu grjóti neðst. Á hverju sniði voru sýnatökustöðvar staðsettar með 50 cm hæðarbili niður fjöruna. Á hverri stöð voru staðsettir 20x20 cm reitir og dýr í reitunum greind til tegunda og talin.

Klettadoppa (*Littorina sacatilis*) er algengasta tegundin um allt svæðið. Fjöruflóin (*Gammarus oceanicus*) er algeng og þanglúsin *Isotea granulosa*. Ánar (Oligochaeta) eru algengir efst í fjörunni. Aðrar algengar dýrategundir eru Þangdoppa (*Littorina obtusata*), nákuðungur (*Thais lapillus*), þangflóin (*Hyale nilsoni*) og fjöruflóin (*Jaera spp.*).

Dýralíf er að mestu eins og einkennandi er fyrir klóþangsfjörur, en heldur færri tegundir, sem er sennilega vegna mikils ferskvatns, sem rennur fram í víkina (Agnar Ingólfsson 1998a).

Þörungar voru greindir í 20x20cm á sömu reitum og dýr voru greind. Listi yfir þörungum sem fundust annars vegar í Hraunavík og hins vegar í Straumsvík eru í Tafla 2 (Agnar Ingólfsson 1990; Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir 2002).

Tafla 2. Listi yfir þörungategundir sem fundust í Hraunavík og Straumsvík.

	Hraunavík	Straumsvík
	Rauðþörungar (Rhodophyta)	
		<i>Aglaothamnion scopulorum</i>
		<i>Ahnfeltia plicata</i>
	<i>Antithamnionella floccosa</i>	<i>Antithamnion floccosum</i>
		<i>Antithamnionella floccosa</i>
		<i>Acrochaetium secundatum</i>
	<i>Ceramium virgatula</i>	
		<i>Ceramium arborescens</i>
		<i>Ceramium deslongchampsii</i>
		<i>Ceramium rubrum</i>
	<i>Chondrus crispus</i>	<i>Chondrus crispus</i>
		<i>Choreocolax polysiphoniae</i>
		<i>Cystoclonium purpureum</i>
		<i>Devaleraea ramentacea</i>
		<i>Dumontia contorta</i>
	<i>Fimbrifolium dichotomum</i>	
	<i>Mastocarpus stellatus</i>	
	<i>Palmaria palmata</i>	<i>Palmaria palmata</i>
	<i>Polysiphonia stricta</i>	
		<i>Polysiphonia lanoga</i>
		<i>Devaleraea ramentacea</i>

	<i>Porphyra purpurea</i>	
	<i>Porphyra sp.</i>	<i>Porphyra sp.</i>
	<i>Porphyra umbilicalis</i>	
		<i>Hildenbrandia rubra</i>
		<i>Polysiphonia lanoga</i>
		<i>Mastocarpus stellatus</i>
	<i>Rhodomela lycopodioides</i>	
		<i>Polysiphonia stricta</i>
		<i>Ptilota gunneri</i>
		<i>Plumaria plumosa</i>
		<i>Rhodochorton purpureum</i>
Brúnpörungar (phaeophyta)		
	<i>Ascophyllum nodosum</i>	<i>Ascophyllum nodosum</i>
	<i>Desmarestia aculeata</i>	
		<i>Ectocarpus</i>
	<i>Ectocarpus siliculosus</i>	
	<i>Elachista fucicola</i>	<i>Elachista fucicola</i>
	<i>Fucus distichus</i>	<i>Fucus distichus</i>
	<i>Fucus spiralis</i>	<i>Fucus spiralis</i>
	<i>Fucus vesiculosus</i>	<i>Fucus vesiculosus</i>
	<i>Lithosiphon sp.</i>	
	<i>Pylaiella littoralis</i>	
		<i>Pelvetia canaliculata</i>
		<i>Isthmoplea spherophora</i>
		<i>Pelvetia canaliculata</i>
		<i>Pylaiella littoralis</i>
		<i>Sphacelaria radicans</i>
Grænþörungar (Chlorophyta)		
	<i>Acrosiphonia arcta</i>	<i>Acrosiphonia arcta</i>
	<i>Acrosiphonia sonderi</i>	
	<i>Blidingia minima</i>	
	<i>Cladophora rupestris</i>	<i>Cladophora rupestris</i>
	<i>Ulva lactuca</i>	<i>Ulva lactuca</i>
		<i>Ulvaria obscura</i>
		<i>Enteromorpha sp.</i>
		<i>Acrosiphonia arcta</i>
		<i>Chaetomorpha capillaris</i>
		<i>Monostroma grevillei</i>
		<i>Monostroma undulatum</i>
		<i>Pseudendoclonium fucicola</i>
		<i>Rosenvingiella polyrhiza</i>
		<i>Spongomorpha aeruginosa</i>
		<i>Ulothrix sp.</i>

Tjarnir

Mjög merkilegar tjarnir eru fyrir innan Straumsvík. Um er að ræða ferskvatnstjarnir, þar sem sjór er undir ferskvatninu í hrauninu og eru því sjávarföll í tjörnunum og beltaskipting hjá ferskvatnspörungum, líkt og er hjá þörungum í fjöru (Agnar Ingólfsson, Berthor Johannsson and Hördur Kristinsson 1989; Agnar Ingólfsson 1998b; Jón S. Ólafsson o.fl. 2020).

Gæðapættir og viðmiðunaraðstæður


Farið er yfir gæðapætti og viðmiðunaraðstæður fyrir vistfræðilegt ástand sem Hafrannsóknarstofnun hefur lagt fram. Tekið er mið af þeim í umfjöllunum og áhrif. Farið er yfir hvaða gæðapætti er hægt að nota.

Svifþörungar (blaðgræna a)

Útreikningar á vistfræðilegu gæðahlutfalli (EQR) blaðgrænu a í strandsjávarvatnshloti eru skilgreindir af Hafrannsóknarstofnun (Mynd 10) (Rakel Guðmundsdóttir o.fl. 2022). Viðmiðunargildi blaðgrænu er ekki til við Straumsvík en til eru mælingar sem teknar voru í vatnshloti nr. 104-1391-C sem Straumsvík er í. Mælingar voru teknar við útrásir frá Ánanaustum og Klettagörðum (Mynd 11).

$$\text{Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR)} = \frac{\text{Blaðgræna a viðmiðunargildi}}{\text{Meðalstyrkur blaðgrænu a mæld'}}$$

Mynd 10. Formúla fyrir útreikning á vistfræðilegu gæðahlutfalli (EQR).



Mynd 11. Sýnatökur á blaðgrænu við útrásir við Ánanaust (A) og Klettagörðum (K).

Niðurstöður blaðgrænumælinga við Ánanaust og Klettagarða í vatnshloti nr. 104-1391-C eru í birtar í Tafla 3 (Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls 2022).

Tafla 3. Niðurstöður blaðgrænumælinga við Ánanaust og Klettagarða í vatnshloti nr. 104-1391-C.

Stöð	N.breidd	V.lengd	Dýpi m	Sjávar- hiti °C	O2 mg/L	O2 %	pH	Selta psu	Blað græna (µg/L)	Total N µmol/L	Total P µmol/L
A1	64°11.017´	21°59.459´	31	10,8	8,83	100	7,99	32,1	3,85	10,91	0,65
A3	64°10.792´	21°59.316´	20	10,8	8,89	100,1	7,99	32	3,89	11,1	0,647
A4	64°11.020´	21°58.014´	14	10,8	8,81	100	7,99	32,1	3,69	11,15	0,661
K1	64°11.712´	21°55.843´	31	10,8	8,58	98,3	7,94	32,1	2,76	11,56	0,631
K3	64°11.563´	21°55.363´	31	10,8	8,59	98,3	7,94	32,3	3,46	12,43	0,698
K4	64°11.797´	21°55.500´	31	10,9	8,58	98,3	7,93	32,2	2,87	14,75	0,903

Hafa verður í huga að þessar mælingar eru gerðar í september en búast má við að gildin fyrir sé mun hærri á vorin, jafnvel tvöfalt eða meira (Halldór Pálmar Halldórsson munnl. uppl.).

Hægt verður að mæla blaðgrænu á framkvæmdasvæðinu bæði á meðan framkvæmdum stendur og eftir og reikna út Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) miðað við þessi gæðaviðmið og blaðgrænumælingar sem eru í Tafla 3.

Viðmiðunaraðstæður fyrir fjöru

Viðmiðunaraðstæður hafa verið skilgreindar þar sem þættir í fjörunni er lýst á tölulegan hátt sem hægt er að nota til að bera saman fjöru. Til að gera þetta skýrara er reiknaður stuðull fyrir fjöruna sem fært er yfir í EQR kvarðan sem er á milli 0.0-1.0 (Wells et al. 2007).

Mörk milli ástandsflokka m.t.t. botnpörunga og fjörugetar í strandsjó við Ísland. Gefin eru gildi fyrir alla fimm ástandsflökka fyrir opin vatnshlot á suðursvæði (CS2152). Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) ástandsflökka fimm eru 0-0,2; 0,2-0,4; 0,4-0,6; 0,6-0,8; 0,8-1,0. Viðmiðunargildið fyrir einkunnakerfið er 20 (Tafla 4) (Rakel Guðmundsdóttir o.fl. 2022).

Tafla 4. Ástandsflökar fyrir strandsjó CS2152.

Ástandsflokkur	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi	Slakt	Lélegt
Einkunn	4	3	2	1	0
Tegundafjölbreytni	>30	20-29	17-19	<17	0
Hlutfall grænþörunga	<0,25	0,33-0,25	0,4-0,33	>0,4	1
Hlutfall rauðþörunga	>0,45	0,39-0,45	0,30-0,39	<0,30	0
Lýsing fjöru	1-7	8-11	12-14	15-18	NA
Heildareinkunn	16-14	<14-11	<11-6	<6-3	<3-0
EQR	1-0,8	<0,8-0,6	<0,6-0,4	<0,4-0,2	<0,2-0

Í töflunni voru hlutfall tækifæristegunda en það var tekið út þar sem það vantar nægilegar upplýsingar til að nota þann ástandsflokk. Þar af leiðandi er hæsta mögulega einkunn 16. Þessi

skalli er því endurskoðaður frá því sem var notað af Hafrannsóknarstofnun (Wells et al. 2007; Rakel Guðmundsdóttir o.fl. 2022).

Upplýsingarnar um fjörugerð og þörunga í Hraunavík og Straumsvík (Agnar Ingólfsson 1990; Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir 2002) voru túlkaðar eftir viðmiðum í Tafla 4 eins og lýst er af Hafrannsóknastofnun (Rakel Guðmundsdóttir o.fl. 2022). Þessi túlkun er birt í Tafla 5.

Tafla 5. Vistfræðilegt gæðahlutfall fyrir Hraunavík og Straumsvík.

Einkunn	Straumsvík	Hraunavík
Tegundafjölbreytni	48	25
Hlutfall grænþörunga	0,27	0,2
Hlutfall rauðþörunga	0,5	0,44
Lýsing fjöru	7	7
Heildareinkunn	15	14
EQR	0,94	0,88

Umræður

Stækkun hafnarinnar við Straumsvík hefur áhrif lífríki á hörðum botni norður og austur af Straumsvík. Þaraskógar með tilheyrandi dýralífi munu fara undir fyllinguna, en þaraskógar á hörðum botni við ströndina eru algengt vistkerfi (Jörundur Svavarsson. 2006; Sindri Gíslason o.fl. 2019). Þaraskógar norður og austur af fyllingunni munu ekki verða fyrir teljandi áhrifum.

Talsverð hreyfing er á sjónum í Straumsvík, þó hún sé ekki eins brimasöm og Hraunavík austan Straumsvíkur. Það er því engin hætt á að finn leir úr gruggi safnist upp á botninum. Auk þess rennur mikið fersk vatn í víkina sem eykur frekar á vatnsskiptin.

Líkanagerð sýnir að miðað við einkennandi veðurfar og dýpi í Straumsvík mun ljósmagn á botni aðeins helmingast (Mynd 6) og því verður nægt ljós til að viðhalda þörungagróðri sem þar er (Mynd 4, **Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**) (Hjalti Sigurjónsson og Sveinn Óli Pálmarsson 2024).

Miðað við líkan Vatnaskila (Hjalti Sigurjónsson og Sveinn Óli Pálmarsson 2024) mun set berast í sviflaus inn í Straumsvík. Vegna hreyfingar á sjónum og mikils ferskvatnsrennslis er ólíklegt að set hlaðist upp í fjörunni. Áhrif á uppsöfnun sets í fjörunni verða því væntanlega lítil. Ljósmagn minnkar með seti í sviflausn (Mynd 6) og því mun framleiðsla þörunga í fjörunni minnka en ólíklegt að það verði mikið miðað við líka Vatnaskila (Hjalti Sigurjónsson og Sveinn Óli Pálmarsson 2024).

Í heildina má gera ráð fyrir einhverjum áhrifum á fjöruna í Straumsvík á framkvæmdatíma. Ekki er gert ráð fyrir varanlegum áhrifum.

Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á lífríki tjarna við Straumsvík, svo ekki er ástæða til að fjalla nánar um umhverfi tjarnanna.

Skilgreind voru viðmiðunargildi á blaðgrænu á framkvæmasvæðinu miðað við skilgreind viðmiðunargildi Hafrannsóknastofnunar um vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) (Rakel Guðmundsdóttir o.fl. 2022) þannig að hægt er að mæla blaðgrænu á framkvæmdartíma og eftir framkvæmdatíma og bera saman við viðmiðunargildi (Mynd 10).

Notaðar voru upplýsingar um þörunga og lýsing fjöru (Tafla 2) frá Hraunavík og Straumsvík (Agnar Ingólfsson 1990; Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir 2002) til að skilgreina viðmiðunargildi á þörungum á framkvæmasvæðinu miðað við skilgreind viðmiðunargildi Hafrannsóknastofnunar um vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) (Rakel Guðmundsdóttir o.fl. 2022) þannig að hægt er að mæla þörunga á framkvæmdartíma og eftir framkvæmdatíma og bera saman við viðmiðunargildi (Tafla 5).

Við framkvæmdina fer ákveðin svæði á sjávarbotni undir fyllingu en að öðru leiti verða áhrif framkvæmdarinnar lítil á framkvæmdartíma og hverfandi ef einhver eftir að framkvæmd líkur.

Heimildir:

- Agnar Ingólfsson. 1977. Distribution and habitat preferences of some intertidal amphipods in Iceland. *Acta Naturalia Islandica* 25.
- Agnar Ingólfsson. 1990. Rannsóknir á lífríki fjöru umhverfis kerbrotagryfjur í Straumsvík. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit nr. 27.
- Agnar Ingólfsson. 1998a. Lífríki í fjörunni við Straumsvík. *Náttúrufræðingurinn* 67 (3-4), bls. 207-213, 1998.
- Agnar Ingólfsson. 1998b. Lífríki í tjörnum við Straumsvík. *Náttúrufræðingurinn* 67 (3-4), bls. 255-262, 1998.
- Agnar Ingólfsson, Berthor Johannsson and Hördur Kristinsson. 1989. Zonation of plants in a fresh-water tidal environment. *Scientia Marina* 53: 343-347.
- Agnar Ingólfsson og Jörundur Svavarsson. 1995. Study of marine organisms round a cathode dumping site in Iceland. *The Science of the Total Environment* 163: 61-92.
- Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir. 2002. Rannsóknir á lífríki fjöru í Hraunavík austan Straumsvíkur. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit nr. 64.
- Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls. 2022. Viðtakarannsóknir fráveitu við meginútrásir skólphreinsistöðvanna í Reykjavík og á Kjalarnesi. Skýrsla unnin fyrir Veitur ohf. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum. Nr. 2022-101.
- Jón S. Ólafsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Iris Hansen, Eydís Salome Eiríksdóttir, Ingi Rúnar Jónsson, Sigurður Óskar Helgason og Eydís Heiða Njarðardóttir. 2020. Lífríki tjarna við Straumsvík, á áhrifasvæði fyrirhugaðrar breikkunar Reykjanesbrautar. Haf og vatnarannsóknir. HV 2020-52.
- Jörundur Svavarsson. 1990. Studies on the rocky subtidal communities in vicinity of a dumpin pit for pot linings at straumsvík, southwestern Iceland. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit nr. 28.
- Jörundur Svavarsson 1991. Nýjungar við rannsóknir á kletta botni neðansjávar - ljósmyndun lífríkis við álverið í Straumsvík. *Kímblaðið*, maí 1991. 27-29.

- Jörundur Svavarsson. 1998. Lífríki á klapparbotni neðansjávar við álverið í Straumsvík. Náttúrufræðingurinn 67 (3-4), bls. 215-221.
- Jörundur Svavarsson. 2002. Lífríki á klapparbotni neðansjávar í Hraunavík. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit nr. 65.
- Jörundur Svavarsson. 2006. Könnun á lífríki á klapparbotni neðansjávar í Helguvík. Líffræðistofnun háskólans.
- Jörundur Svavarsson, Guðmundur V. Helgason og Stefán Á. Ragnarsson. 1991. Rannsóknir á lífríki klettabotns neðansjávar í Hraunsvík við Hafnarfjörð. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit nr. 34.
- Rakel Guðmundsdóttir, Sólveig R. Ólafsdóttir, Steinunn Hilma Ólafsdóttir, Pamela Woods, Lilja Gunnarsdóttir, Karl Gunnarsson, Kristinn Guðmundsson og Eydís Salome Eiríksdóttir. 2022. Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar. Haf- og vatnarannsóknir. ISSN 2298-9137. HV 2022-39.
- Sindri Gíslason, Joana Micael, Sölvi Rúnar Vignisson, Hermann Dreki Guls og Halldór Pálmar Halldórsson. 2019. Rannsókn á lífríki Vogavíkur. Náttúrustofa suðvesturlands, Háskóli Íslands og Þekkingasetur suðurnesja.
- Sólveig R. Ólafsdóttir. (2019). Endurskoðun á skiptingu strandsjávar í vatnshlot. Hafrannsókn astofnun. Haf- og vatnarannsóknir, HV 2019-45.
- Stjórn vatnamála. (29. september 2022). Sótt frá Stjórn vatnamála: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-1391-C>
- Umhverfisstofnun. (2013). Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands. Reykjavík: Umhverfisstofnun.
- Hjalti Sigurjónsson og Sveinn Óli Pálmarsson. 2024. Landfylling í Straumsvík. Mat á dreifingu setefna á framkvæmdatíma. Vatnaskil, 24.02.
- Wells E., Wilkinson M., Wood P. & Scanlan C. (2007). The use of macroalgal species richness and composition on intertidal rocky seashores in the assessment of ecological quality under the European Water Framework Directive. Marine Pollution Bulletin 55: 151-161
- Þorleifur Eiríksson. 2024. Minnisblað vegna matsáætlunar á lífríki í Straumsvík vegna stækkunar hafnarinnar. RORUM.

21.3.2024

22153

Höfundur

SÓ

Yfirfarið/Samþykkt

RÞÞ

Tílefni

Straumsvík Stækkun hafnar

Umferðargreining á umferð til og frá hafnarsvæðinu á framkvæmdatíma og rekstrartíma


1 Forsendur

Forsendur umferðargreiningar eru eftirfarandi:

1.1 Efnispörf í landfyllingu

Tafla 1.1: Efnispörf í landfyllingu			
Áfangi	Efni úr Rauðamelsnámu [m³]	Efnistaka úr sjó [m³]	Efni úr Vatnskarðsnámu [m³]
1. áfangi	1.140.000	150.000	50.000
2. áfangi	195.000	280.000	70.000
3. áfangi	5.000	160.000	10.000
Samtals	1.340.000	590.000	130.000
Heildar efnispörf	2.060.000		

Í fyrsta áfanga verður meginhluti þess efnis sem ekki kemur úr sjó sótt í Rauðamelsnámu en gert er ráð fyrir að um 50.000 m³ verði sóttir í Vatnskarðsnámu.



Mynd 1.1 Flutningsleiðir

2 Akstursmagn vegna efnisflutninga á framkvæmdatíma

Í töflu 2.1 er gerð grein fyrir áætluðum fjölda ferða úr hvorri námu fyrir sig og fyrir hvern áfanga fyrir sig og í töflu 2.2 eru sýndir eknir kílómetrar fyrir efnisflutninga úr hvorri námu fyrir hvern áfanga.

Tafla 2.1: Fjöldi ferða með efni úr landnámmum				
Áfangi	Efni úr Rauðamelsnámu [m³]	Fjöldi ferða	Efni úr Vatnsskarðsnámu [m³]	Fjöldi ferða
1. áfangi	1.140.000	57.000	50.000	3.570
2. áfangi	195.000	9.750	70.000	5.000
3. áfangi	5.000	250	10.000	715
Samtals	1.340.000	67.000	130.000	9.285
Heildarfjöldi ferða		76.285		

Akstursleið frá Rauðamelsnámu að höfn verður um núverandi vegslóða og ný undirgöng sem staðsett verða norðaustan álvers Rio Tinto. Vegalengd á milli hafnar og námu er um 4,4 km.

Akstursleið frá Vatnsskarðsnámu að höfn verður um Krýsvíkurveg og Reykjanesbraut. Vegalengd á milli hafnar og námu er um 10,3 km.

Tafla 2.2: Eknir kílómetrar við efnisflutninga

	Rauðamelsnáma		Vatnsskarðsnáma	
Áfangi	Fjöldi ferða	Aksturskílómetrar að og frá námu*	Fjöldi ferða	Aksturskílómetrar að og frá námu*
1. áfangi	57.000	501.600	3.570	73.600
2. áfangi	9.750	85.800	5.000	103.000
3. áfangi	250	2.200	715	14.700
Samtals	67.000	585.600	9.285	191.300
Heildarfjöldi ekinna km		776.900		

*[Fjöldi ferða x Vegalengd á milli hafnar og námu x2]

Lagt er til, umferðaröryggis vegna, að tryggt verði beint aðgengi milli Rauðamelsnámu og landfyllingar, þ.e. að akstursleiðir flutningstækja (búkollna) þveri hvergi aðra vegi. Þ.m.t. umferðarlitlar tengingar. Þetta er talið öruggast því gera má ráð fyrir, miðað við að framkvæmdatími fyrsta áfanga sé 3 ár að eknar verði um 350 ferðir milli Rauðamelsnámu og landfyllingar í hverri viku eða um 75 ferðir á dag í hvora átt á hverjum virkum degi. Samanlagt fara því um 150 þungir bílar um veginn á dag á hverjum virkum degi.

Akstur á rekstartíma

Eftir fyrsta áfanga er höfnin nýtt fyrir Carbfix og allt gas flutt í lögnum. Eftir annan áfanga bætis við uppskipun efnis sem verður allt eða nánast allt flutt að fyrirtækjum í Hafnarfirði. Þetta er starfsemi sem færir úr Hafnarfjarðarhöfn en verður með þessari nýju höfn nær sínum viðskiptavinum. Flutningaleiðin yrði nú, í stað þess að fara um Óseyrarbraut, Ásbraut, Reykjanesbraut og Krýsuvíkurveg, um ný undirgöng og beint inn á iðnaðarsvæði. Í dag kallar slík starfsemi á um 5.300 – 6.600 eknar ferðir árlega í hvora átt eða um 10.600 – 13.200 eknar ferðir samanlagt. Mismunur í vegalengd hvernar ferðar í og með að starfsemin færir frá núverandi höfn yfir á nýja höfn má áætla að sé um 2 km og því fækkar aksturskílómetrum um 20.000 – 30.000 kílómetra á ári.

Þetta verða því færri eknir aksturskílómetrar með nýrri höfn og þeir færast úr þéttbýli Hafnarfjarðar í iðnaðarsvæði Hafnarfjarðar. Þannig verður akstur á rekstartíma minni en hann er í dag og áhrif á umferðaröryggi verða jákvæð.